

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna meðferðar úrgangs í Skaftárhreppi samkvæmt 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi nr. 909/2018.

2. gr.

Gjald er lagt á hverja fasteign vegna rekstrar endurvinnslu- og grenndarstöðva eftir tegundum gjaldaaðila:

Íbúðir 23.345 kr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.

Fristundahús 12.150 kr.

Fyrirtæki og atvinnurekstur á lögbýlum 44.275 kr.

Með atvinnurekstri á lögbýli er átt við lögbýli þar sem stundaður er búrekstur í atvinnuskyni og/eða annar atvinnurekstur.

3. gr.

Á endurvinnslu- og grenndarstöðvum er greitt gjald eftir magni úrgangs í hvert skipti samkvæmt eftirfarandi:

Úrgangstegund	kr./kg m.vsk.
Blandaður heimilisúrgangur	45
Grófur úrgangur, óflokkaður	55
Grófur úrgangur, flokkaður	20
Timbur, hreint	10
Timbur, litað	20
Garðaúrgangur	4
Trjábolir og greinar	6
Heyrúlluplast	0
Hjólbarðar	0
Pappír	0
Plast – flokkað	0
Raftæki	0
Dýrahæ og sláturúrgangur*	31
Óvirkur úrgangur	4
Lífrænn úrgangur	10
Óflokkaður pappi	19
Spilliefni	3
Gámaleiga heimsending**	31.000

* Eingöngu er tekið við dýrahæjum og sláturúrgangi á urðunarsvæði á Stjórnarsandi í samvinnu við rekstraraðila.

** Gámaleiga er eingöngu í boði fyrir íbúa Skaftárhrepps hámarkstími 7 dagar.

Gjaldtaka á grenndarstöðvum er ekki hluti af sameiginlegum rekstrarkostnaði sem innheimtur er af öllu húsnæði í Skaftárhreppi, þ.e. íbúðar-, fristunda- og atvinnuhúsnæði og lögbýlum. Á grenndarstöðvum er eingöngu tekið við blönduðum heimilisúrgangi, pappír, plasti og lífrænum úrgangi en öðrum úrgangstegundum skal skilað á gámasvæði sveitarfélagsins að Iðjuvöllum 7 á Kirkjubæjarklaustri. Heyrúlluplasti er safnað af Pure North Recycling í samvinnu við viðkomandi búrekstraraðila.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi, nr. 909/2018, og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 995/2018 fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skaftárhreppi úr gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 15. júlí 2021.

Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. ágúst 2021